

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/75****2018/EES/25/12**

frá 17. janúar 2018

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á örkrystölluðum sellulósa (E460(i)) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 14. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 2) Þessar nákvæmu skilgreiningar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 8. febrúar 2016 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefnið örkrystallaðan sellulósa (E 460(i)). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Núgildandi nákvæm skilgreining að því er varðar leysni matvælaaukefnisins örkrystallaðs sellulósa (E 460(i)) er á þessa leið: „Efnið er óleysanlegt í vatni, etanóli, eter og þynntum, ólífrænum sýrum. Lítillega leysanlegt í natriumhýdroxíðlausn“.
- 5) Umsækjandinn fór þess á leit að leysni þessa matvælaaukefnis yrði breytt í „Efnið er óleysanlegt í vatni, etanóli, eter og þynntum, ólífrænum sýrum. Nánast óleysanlegt eða óleysanlegt í natriumhýdroxíðlausn“.
- 6) Í álitinu sínu frá 24. janúar 2017 <sup>(4)</sup> komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að þeirri niðurstöðu að breytingin á nákvæmu skilgreiningunum að því er varðar leysni örkrystallaðs sellulósa (E 460(i)), sem umsækjandinn lagði til, skapi ekki öryggisvanda. Matvælaöryggisstofnunin mælti hins vegar með því að styrkur natriumhýdroxíðlausnarinnar, sem á að nota í leysniþrófuninni, yrði tilgreindur í nákvæmum skilgreiningum ESB.
- 7) Af þessum sökum er rétt að breyta lýsingunni á leysni matvælaaukefnisins örkrystallaðs sellulósa (E 460(i)) í natriumhýdroxíðlausn (styrkur: 50 g NaOH/L) í „nánast óleysanlegt eða óleysanlegt“.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 13, 18.1.2018, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Stj. 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stj. 83, 22.3.2012, bls. 1).

(4) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, 2017. „Safety of the proposed amendment of the specifications for microcrystalline cellulose (E 460(i)) as a food additive.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017, 15(2), 4699, [7 bls], doi:10.2903/j.efsa.2017.4699.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefni E 460 (i), örkristallaður sellulósi, í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar leysni komi eftirfarandi:

„Leysni

Efnið er óleysanlegt í vatni, etanóli, eter og þynntum, ólífrænum sýrum. Nánast óleysanlegt eða óleysanlegt í natríumhýdroxíðlausn (styrkur: 50 g NaOH/L).“

---